


| | | |
|-------------------|--------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | Lífsleikni 192 (LKN 192) | |
| Síða 1 af 2 | Kennsluáætlun (Haustönn 2013) | |

| | | | |
|-----------------|--|---------------|----------------------|
| Kennarar | Árni Hrólfur Helgason, Hilmar Friðjónsson, Íris Ragnarsdóttir og Valgerður Dögg Jónsdóttir | Sk.st. | ÁRN, HIF, ÍRA og VAL |
|-----------------|--|---------------|----------------------|

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga kynnast nemendur innviðum skólans, starfsháttum, námi, starfsfólki og félagslífi. Nemendur búa sig undir þátttöku í samfélaginu með því að efla enn fremur félagslegafærni og siðferðiskennd. Lögð verður áhersla á að efla samskiptagreind og jákvæða lífssýn nemenda og gera þeim kleift að takast á við kröfur og ögranir daglegs lífs. Umsjónarkennari sér um kennslu áfangans og er þannig í beinum tengslum við umsjónarhóp sinn.

Áfangamarkmið / viðfangsefni:

Í áfanganum er leitast við að styrkja nemandann sem einstakling og námsmann. Unnið er með það hvernig skólinn virkar og hvaða reglur gilda um skólavistina. Mætingar, umgengni, námsvenjur, námsval, próf og annað sem snýr að veru nemandans í VMA er til umræðu. Fjallað er um sjálfsmynd og hvað hefur áhrif á hana: námsörðugleikar, útlit, neysluvenjur, áhugasvið, sterkir þættir og veikir í hæfileikum nemandans. Markvisst er fjallað um námið og lífið almennt á þann hátt að það sé á ábyrgð hvers og eins hvað við gerum. Að taka ábyrgð á náminu, hegðuninni, mætingum, neyslumynstri, fjármálum, akstri, almennri samfélagsþátttöku og öðru sem við gerum.


Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók í áfanganum

Ýmis verkefni og gögn frá kennurum og fyrirlesurum um efnispætti sem farið er yfir.

Áætlun um yfirferð:

| | | |
|---------------------|--|---|
| Öll önnin | Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á. Spurningum svarað um skólastarfið almennt og leitast við að efla nemendur við námsvinnuna. | |
| Byrjun annar | Nemendur kynnast hvert öðru og kennara sínum. Þeir hitta námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing, sálfræðing og forvarnarfulltrúa. Farið verður yfir helstu reglur og starfsemi skólans. | Nemendur frá ýmis verkefni sem tengjast þessum efnispáttum. |
| Miðbik annar | Nemandinn sjálfur, sjálfsmynd, sjálfstraust, sjálfsþekking o.s.frv. Nemandinn sem samfélagsþegn, réttindi og skyldur, þátttaka, ábyrgð og sjálfstæði. | Einstaklings- og hópverkefni, umræður og annað sem nemendum dettur í hug. |

| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | Lífsleikni 192 (LKN 192) Kennsluáætlun (Haustönn 2013) | |
| Síða 2 af 2 | | |

| | | |
|---------------------------|---|---|
| Eftir miðja önn | Námsval. Nemendur vinna í að velja sér áfanga fyrir næstu önn undir leiðsögn kennara. | Valblað og fleiri verkefni um náms- og starfsval. |
| Síðusta vika annar | Undirbúningur fyrir próf | Verkefni um prófa- undirbúning og próftöku. |
| Dreift um önnina | Ýmsar heimsóknir þar sem gestir fjalla um ýmis málefni sem gera má ráð fyrir að kennarar geti ekki sinnt t.d. Bókasafnsfræðsla, kynning á Rósenborg og fjármálafræðsla. | Verkefni og umræður í kjölfar hverrar heimsóknar. |

Námsmat og vægi námsþátta:

| | | |
|------------|---|-----|
| | Fjórðungur námsmats miðast við mætingar metnar útfrá eftirfarandi kvarða (mætingar % = einkunn): | |
| | 97-100% = 10 94-96,9% = 9 91-93,9% = 8 | |
| Mætingar / | 88-90,9% = 7 84-87,9% = 6 80-83,9% = 5 | 25% |
| Ástundun | 75-79,9% = 4 70-74,9% = 3 65-69,9% = 2 | |
| | <65% = 0 | |
| | Tekið er tillit til tilkynntra fjarvista við mat á mætingu og ástundun. | |
| Dagbók | Nemendur halda ítarlega dagbók um hvern tíma annarinnar, þar sem lýst er innihaldi tímans og upplifun nemanda. | 40% |
| Námsmappa | Nemendur halda sjálfir námsmöppu sem skal innihalda öll verkefni og dreifildi annarinnar auk kennsluáætlunar, mats á áfanganum og dagbókar. | 35% |

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils